

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 7. apríl 2008 í máli nr. S-161/2008:

### Ákærvaldið

(*Eyjólfur Ármannsson ftr.*)

gegn

**Helga Ragnari Guðmundssyni**

(*Garðar Guðmundur Gíslason hdl.*)

Þetta mál, sem var dómtekið 14. mars sl., en endurupptekið 7. apríl og dómtekið á ný sama dag, er höfðað með ákæru ríkislögreglustjóra, útgefni 8. febrúar 2008, á hendur Helga Ragnari Guðmundssyni, kt. (...), Fífuvöllum 35, Hafnarfirði, og F.H. Verki ehf., kt. (...), Hlíðarsmára 15, Kópavogi,

„fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum framin í rekstri einkahlutafélagsins F.H. Verk ehf., kennitala (...), sem ákærði Helgi Ragnar var framkvæmdastjóri, stjórnarmaður og prókúruhafi fyrir, með því að hafa:

1. Eigi staðið skil á virðisaukaskattsskýrslum fyrir hönd félagsins á lögmæltum tíma vegna uppgjörstímabilanna janúar-febrúar, mars-apríl og maí-júní rekstrarárið 2006 og hafa eigi staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var í rekstri einkahlutafélagsins vegna sömu tímabila, í samræmi við fyrirmæli IX. kafla laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, samtals að fjárhæð kr. 12.362.646, sem sundurliðast sem hér greinir:

*Uppgjörstímabil:*

*Vangoldinn VSK:*

### Árið 2006

janúar-febrúar	kr.	4.884.356
mars-apríl	kr.	3.762.807
maí-júní	kr.	<u>3.715.483</u>

**Samtals:** kr. 12.362.646

2. Eigi staðið skil á skilagreinum vegna staðgreiðslu opinberra gjalda á lögmæltum tíma vegna tímabilanna júní, júlí og september 2006 og hafa eigi staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við fyrirmæli í III. kafla laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins vegna tímabilanna maí til og með september 2006, samtals að fjárhæð kr. 12.618.906, sem sundurliðast sem hér greinir:

*Greiðslutímabil:* *Vangoldin staðgreiðsla:*

### **Árið 2006**

maí	kr.	3.089.988
júní	kr.	2.703.229
júlí	kr.	2.138.815
ágúst	kr.	2.217.769
september	<u>kr.</u>	<u>2.469.105</u>
<b>Samtals:</b>	<u>kr.</u>	<u>12.618.906</u>

Framangreind brot ákærða Helga Ragnars samkvæmt 1. og 2. tölulið ákæru teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig:

- a) 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 3. gr. laga nr. 42/1995 og 3. gr. laga nr. 134/2005 að því er varðar 1. tölulið ákæru.
- b) 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1995 og 1. gr. laga nr. 134/2005 að því er varðar 2. tölulið ákæru.

Framangreind brot ákærða F.H. Verk ehf. samkvæmt 1. og 2. tölulið ákæru teljast varða við:

- c) 8. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt að því er varðar 1. tölulið ákæru, sbr. tilvitnuð ákvæði í a) lið að framan.

d) 9. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda að því er varðar 2. tölulið ákæru, sbr. tilvitnuð ákvæði í b) lið að framan.“

Í ákæru er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Við fyrirtöku í málinu 14. mars sl. gerði sækjandi breytingu á 1. lið ákæru vegna höfuðstóls vangoldins virðisaukaskatts á árinu 2006. Höfuðstóll vangoldins virðisaukaskatts tímabilsins janúar og febrúar 2006 lækkaði niður í 4.813.639 krónur, höfuðstóll tímabilsins mars og apríl 2006 lækkaði niður í 3.488.780 krónur og höfuðstóll tímabilsins maí og júní 2006 lækkaði niður í 3.355.788 krónur. Samtala 1. ákæruliðar lækkaði því niður í 11.658.207 krónur.

Málið var endurupptekið 7. apríl sl. Þá var ákæra á hendur ákærða F. H. Verki ehf. afturkölluð þar sem í ljós hafði komið að félagið hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta 14. febrúar sl. en ákæra var gefin út 8. febrúar.

Þegar málið var tekið fyrir 3. mars sl. viðurkenndi ákærði, Helgi Ragnar Guðmundsson, skýlaust að hafa gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru með þeim andmælum þó að hann hefði þegar greitt verulegan hluta meints vangoldins virðisaukaskatts og staðgreiðslu.

Játning ákærða samræmist rannsóknargögnum málsins en ákæran byggist á lögreglurannsókn sem fram fór á grundvelli bréfs skattrannsóknarstjóra ríkisins til ríkislögreglustjóra 13. júní 2007 og rannsóknargagna sem því fylgdu. Er sök ákærða Helga Ragnars sönnuð samkvæmt þessu og varðar háttsemin hann refsingu eins og tilgreint er í ákæru.

Af hálfu ákærða er krafist vægustu refsingar sem lög frekast leyfa. Í því sambandi er einkum vísað til 2. málsliðar 1. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt og 2. málsliðar 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, eins og þeim var breytt með 3. og 1. gr. laga nr. 134/2005. Af hálfu ákærða er á því byggt að staðin hafi verið skil á verulegum hluta staðgreiðslu og virðisaukaskatti. Ákærði telur enn fremur að brotin séu ekki meiri háttar og varði því ekki við 262. gr. almennra hegningarlaga.

Með 1. gr. laga nr. 134/2005 var kveðið á um að fésektarlágmark samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda eigi ekki við hafi brot einskorðast við að standa ekki skil á réttilega tilgreindri staðgreiðslu samkvæmt skilagrein staðgreiðslu, enda hafi verið staðin skil á verulegum hluta skattfjárhæðar eða málsbætur séu miklar. Með 3. gr. laga nr. 134/2005 var sambærileg breyting gerð á 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt hvað varðar lágmark fésektar.

Samkvæmt gögnum málsins hafði ákærði, fyrir útgáfu ákæru, greitt inn á öll tímabil sem ákært er fyrir vegna vangoldins virðisaukaskatts meira en þriðjung af virðisaukaskattsskuld hvers tímabils. Verður að telja þá greiðslu verulega í skilningi 3. gr. laga nr. 134/2005. Samtals námu greiðslur vegna virðisaukaskatts 8.993.882 krónum. Öllum virðisaukaskattsskýrslum fyrirtækisins var skilað, en eftir lögboðinn eindaga. Þær voru hins vegar allar réttilega færðar. Þar sem skýrslur voru réttilega færðar og verulegur hluti virðisaukaskattsskuldar hafði verið greiddur fyrir útgáfu ákæru gildir fésektarlágmark 1. mgr. 40. gr. laga nr. 59/1998 ekki um brot ákærða. Ákærvaldið féllst á að rétt væri að ákvarða fésekt 10% af vangreiddri fjárhæð virðisaukaskatts eða 1.165.820 krónur.

Ennfremur sýna gögnin að fyrir útgáfu ákæru hafi ákærði greitt inn á öll tímabil sem ákært er fyrir vegna vangoldinnar afdreginnar staðgreiðslu opinberra gjalda meira en þriðjung af skuld hvers tímabils. Verður að telja þá greiðslu verulega í skilningi 1. gr. laga nr. 134/2005. Samtals námu greiðslur vegna staðgreiðslu 5.397.000 krónum. Öllum skilagreinum fyrirtækisins var skilað en eftir lögboðinn eindaga. Þær voru hins vegar allar réttilega færðar. Þar sem skilagreinar voru réttilega færðar og verulegur hluti af skuld vegna staðgreiðslu opinberra gjalda hafði verið greiddur fyrir útgáfu ákæru gildir fésektarlágmark 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 ekki um brot ákærða. Ákærvaldið féllst á að rétt væri að ákvarða fésekt 10% af vangoldinni fjárhæð afdreginna opinberra gjalda eða 1.261.890 krónur.

Samkvæmt þessu og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir hæfilegt að dæma ákærða Helga Ragnar til að greiða 2.500.000 krónur í sekt til ríkissjóðs. Sektin skal greidd innan fjögurra vikna frá dómsuppsögu en ella sæti ákærði fangelsi í 68 daga.

Í ákæru er brot ákærða Helga Ragnars jafnframt talið varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995. Samkvæmt 3. mgr. 262. gr. sömu laga telst verknaður meiri háttar brot skv. 1. mgr. ákvæðisins ef brotið lýtur að verulegum fjárhæðum, verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög saknæmi brotsins, svo og ef maður, sem til refsingar skal dæma fyrir eitthvert þeirra brota sem getur í 1. mgr. hefur áður verið dæmdur sekur fyrir sams konar brot eða eitthvert annað brot sem undir þau ákvæði fellur.

Sakavottorð ákærða er hreint og ekki fæst séð að brotið hafi verið framið með sérstaklega vítaverðum hætti né heldur að aðstæður hafi aukið mjög á saknæmi þess. Við skýrslugjöf vegna rannsóknar málsins hjá ríkislögreglustjóra sl. sumar bar ákærði að ástæða þess að fyrirtækið hefði ekki staðið skil á innheimtum virðisaukaskatti og afdreginni staðgreiðslu opinberra gjalda væri sú að illa hefði gengið að innheimta fyrir unnin verk. Af gögnum málsins má ráða að útistandandi skuldir fyrirtækisins námu í lok júní 2007 tæpum 20 milljónum króna og um miðjan mars 2008 námu útistandandi skuldir enn ríflega 11 milljónum króna. Fyrirtækið var tekið til gjaldþrotaskipta 14. febrúar sl.

Stendur þá eftir að meta hvort brotið hafi lotið að verulegum fjárhæðum. Samkvæmt ákæru, eins og henni var breytt, námu vanskil fyrirtækisins á innheimtum virðisaukaskatti 11.658.207 krónum á lögboðnum gjalddögum. Fyrir útgáfu ákæru höfðu samtals 8.993.882 krónur verið greiddar inn á virðisaukaskatts skuldina. Við útgáfu ákæru voru því ógreiddar af þeirri skuld 2.664.325 krónur. Að mati dómsins telst þessi fjárhæð ekki veruleg og verður brot ákærða Helga Ragnars í 1. lið ákæru ekki jafnframt talið varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Vanskil fyrirtækisins á afdreginni staðgreiðslu opinberra gjalda námu samkvæmt ákæru 12.618.906 krónum á lögboðnum gjalddögum. Fyrir útgáfu ákæru höfðu samtals 5.397.000 krónur verið greiddar inn á þessa skuld. Við útgáfu ákæru voru því ógreiddar 7.221.906 krónur. Að mati dómsins er þessi fjárhæð veruleg í skilningi 3. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Brot ákærða Helga Ragnars samkvæmt 2. lið ákæru telst því meiri háttar í skilningi 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt því ákvæði skal dæma fangelsisrefsingu samhliða sektarrefsingu sem dæmd er fyrir brot gegn lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Við ákvörðun refsingar fyrir hegningarlagabrotið er litið til forsögu og aðdraganda brotsins og þess að ákærði gekkst þegar í upphafi rannsóknar við brotum sínum án nokkurra undanbragða og var samvinnufús á öllum stigum málsmeðferðar. Að þessu virtu og þeirri fjárhæð opinberra gjalda sem ekki tókst að standa skil á fyrir útgáfu ákæru þykir refsing ákærða Helga Ragnars hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði. Þar sem þetta er fyrsta brot ákærða verður refsingin skilorðsbundin og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu þessa dóms haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Með vísan til 165. gr. laga um meðferð opinberra mála ber loks að dæma ákærða til að greiða þóknun Garðars Guðmundar Gíslasonar héraðsdómslögmanns, vegna verjandastarfa á rannsóknar- og dómstigi málsins. Með hliðsjón af eðli og umfangi þess og að teknu tilliti til fjölda þinghalda þykir sú þóknun hæfilega ákveðin 224.000 krónur, sem að meðtöldum virðisaukaskatti nemur 278.880 krónum.

## **D ó m s o r ð :**

Ákærði Helgi Ragnar Guðmundsson sæti fangelsi í tvo mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá dómsupp sögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði 2.500.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu en sæti ella fangelsi í 68 daga.

Ákærði greiði 278.880 krónur í þóknun til skipaðs verjanda síns, Garðars Guðmundar Gíslasonar hdl.

Ingiríður Lúðvíksdóttir

Rétt endurrit staðfestir

Héraðsdómur Reykjaness 07.04.2008.